

Mýrdalshreppur
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 1. júní 2015
UST201505-120/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi vesturhluta Víkurþorps ásamt tillögu að deiliskipulagi að Sólheimahjáleigu og tillögu að deiliskipulagi Áss og hótél Dyrhólaey

Vísað er til erindis fulltrúa skipulags- og byggingarmála í Skaftár og Mýrdalshreppi er barst 15. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi vesturhluta Víkurþorps, tillögu að deiliskipulagi Sólheimahjáleigu og tillögu að deiliskipulagi Áss og hótél Dyrhólaey.

Tillaga að deiliskipulagi vesturhluta Víkurþorps

Í greinargerð kemur fram að Mýrdalshreppur hefur ráðist í gerð deiliskipulags fyrir vesturhluta Víkurþorps og er deiliskipulagssvæðið 7 ha að stærð.

Frárennsli og veitur

Umhverfisstofnun tekur undir það að sveitarfélagið er í heildarendurskoðun á fráveitukerfi þorpsins á deiliskipulagssvæðinu og að áætlun er um þriggja þrepa hreinsistöð eða sambærilegt fyrir þéttbýlið í Vík. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að tímasetja áætlun um endurskoðun fráveitukerfis.

Íbúðarhúsalóðir

Í greinargerð kemur fram að einbýlishúsalóðir eru áætlaðar við Mánabraut. Umhverfisstofnun bendir á að lóðir sem eru áætlaðar syðst og vestast við Mánabraut standa afar nálægt fjörunni og að lóðirnar væru frekar hentugar fyrir starfsemi er gerist á vinnutíma, en lóðir fyrir íbúðarhús. Í greinargerð kemur fram að Siglingastofnun metur flóðahættu vegna sjávar mikla í Vík. Umhverfisstofnun bendir á að varasamt getur verið að áætla íbúðarlóðir svo nærri fjöru þar sem slíkt skipulag kallar á sjóvarnarmannvirki sem ekki er tryggt að verði byggð. Einnig bendir stofnunin á að svæðið niður að fjörusandinum er vinsælt af ferðamönnum og því mikilvægt að halda svæðum opnum fyrir útivist.


Tillaga að deiliskipulagi Sólheimahjáleigu


Ofangreind tillaga að deiliskipulagi Sólheimahjáleigu nær yfir um 4 ha spildu. Gert er ráð fyrir nýju íbúðarhúsi, stækkun útihúsa, nýrri skemmu, gestahúsi við núverandi gistihús og 3 húsum fyrir ferðapjónustu. Umhverfisstofnun hefur farið yfir skilmála deiliskipulagsins og gerir ekki athugasemd við þá. Á deiliskipulagssvæðinu er ekki að finna náttúruminjar á náttúruminjaskrá eða náttúruminjar er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Stofnunin minnir á mikilvægi þess að framkvæmdir falli vel að umhverfinu og að forðast verði allt óþarfa rask við framkvæmdir.

Tillaga að deiliskipulagi Áss og hótels Dyrhólaey

Ofangreind tillaga að deiliskipulagi nær yfir um 11 ha svæði úr landi jarðarinnar Áss í Mýrdalshreppi og nokkrar lóðir sem tilheyra hótél Dyrhólaey og eigendum þess. Umhverfisstofnun hefur farið yfir skilmála deiliskipulagsins og gerir ekki athugasemd við þá. Á deiliskipulagssvæðinu er ekki að finna náttúruminjar á náttúruminjaskrá eða náttúruminjar er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Stofnunin minnir á mikilvægi þess að framkvæmdir falli vel að umhverfinu og að forðast verði allt óþarfa rask við framkvæmdir.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur